

Magnús Kjaran

stórkaupmaður

Magnús Kjaran er fæddur 19. apríl 1890 í Vælugerði í Flóa og verður því sjötugur í vor. Foreldrar hans voru Tómas Eyvindsson bóndi þar og kona hans Sigríður Pálsdóttir. Í móðurætt er hann kominn af hinni þekktu Víkingslækjarætt, en í föðurætt í beinan karlegg af Eyvindi Jónssyni skipasmið, „Duggu-Eyvindi“. Magnús fluttist til Reykjavíkur með foreldrum sínum laust fyrir aldamótin (1898).

Strax eftir fermingu hóf hann verzlunarstörf. Fyrst hjá frú Breiðfjörð, í eitt ár, en réðst þá til Th. Thorsteinsson í Liverpool til fjögurra ára verzlunarnáms, eins og þá var siður í Danmörku og Þýskalandi. Hann sat í efri bekk Verzlunarskóla Íslands fyrsta starfsár hans.

Að námi loknu gerðist Magnús verzlunarstjóri í Liverpool, ekki tvítugur að aldri, og tókst að gera hana að stærstu og þekktustu nýlenduvörverzlun landsins. Árið 1918 gerðist Magnús meðeigandi Thorsteinsson að verzluninni. Einkaeigandi hennar varð hann síðan eftir fráfall Thorsteinsson 1925, en seldi hana 1930 og hóf þá þegar heildsölu þá, er hann rekur enn; síðustu 6 árin í félagi við Birgi son sinn.

Jafnframt hefur Magnús gegnt ýmsum öðrum störfum. Setið í bæjarstjórn, verið í stjórn Félags matvörukaupmanna, Félags ísl.



stórkaupmanna og Verzlunarráðs Íslands í 12 ár. Í stjórn Rauðakross Íslands hefur hann verið í 20 ár, frá stofnun hans; verið framkvæmdastjóri Sambands Bakarmeistara í 15 ár og Innflytjendasambandsins í 12 ár; átti hann ásamt Birni Ólafssyni frumkvæðið að stofnun þess. En Magnús lét af störfum fyrir bæði fyrirtækin um líkt leyti, sökum anna við verzlun sína, er slakað var á höftunum.

Þá er Magnús formaður Bókfellsútgáfunnar, sem Birgir sonur hans veitir forstöðu. Loks hefir hann verið sænskur ræðismaður í Reykjavík í 20 ár. Þá eru ótalín störf Magnúsar fyrir Alþingishátíðina, sem hann mun þó þekktastur fyrir.

Magnús Kjaran var fyrsti for-

seti Verzlunarþinganna og hefur sótt kaupstefnur og verzlunarþing á vegum Verzlunarráðsins. Fyrst í Björgvin 1927, en síðan í Kaupmannahöfn og New York.

Hann er aðalstofnandi Lionsklubbanna á Íslandi, sem nú eru um 20 talsins víðs vegar um landið. Hann var fyrsti formaður fyrsta klúbbsins, Lionsklúbbs Reykjavíkur, og fyrsti umdæmisstjóri þeirra, þá er Ísland var gert að sérstöku umdæmi. Klúbbar þessir eru stærstu þjónustuklúbbar veraldar, tæplega 15 þúsund að tölu í 102 þjóðlöndum.

Ípróttir hafa ávallt heillað Magnús, enda þakkar hann þeim heilsu sína. Hann tók þátt í fyrsta allsherjarípróttamóti Íslands, 17. júní 1911, á hundrað ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Hann var sendur á Ólympíuleikana í Stokkhólmi 1912, sem glímumaður. — Magnús vill, að ípróttir séu iðkaðar ípróttanna vegna, en ekki vegna meta eða verðlauna. „Takmark ípróttanna á fyrst og fremst að vera í manningum sjálfum, bæta lífi í árin og árum við lífið, og ípróttahugur og ípróttadugur á að vera til eflingar manngildi“, sagði hann eitt sinn í útvarpserindi á afmæli Í. S. Í.

Magnús hefur verið sæmdur fjölda heiðursmerkja. Þar á meðal tveimur stórriddarakrossum, íslenzku fálkaorðunnar og sænsku Vasaorðunnar.

Kvæntur er Magnús Soffiu, dóttur Franz sýslumanns Siemsen, og eiga þau fjögur börn: Birgi, alþingismaður, kvæntan Sveinbjörgu Blöndal; Þórunni, gifta Pétri Ólafssyni, forstjóra Ísafoldar; Sigríði, gifta Sigurjóni Sigurðssyni, lögreglustjóra, og Eyþór, verzlunarmann (í foreldrahúsum). Barnabörnin eru 14, svo að allmikill ættbálkur er hér í uppsiglingu.